

Fundargerð samráðsnefndar um stafræna þjónustu ríkis, Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga (Sambandsins)

Dags. 28.02.23, kl. 15:00 – 6.fundur

Mætt á fundinn:

Einar G. Thoroddsen, Hrund Valgeirsdóttir, Anna Gunnhildur, Óskar Sandholt, Karen M. Jónsdóttir, Hólmfríður S. Jónsdóttir, Íris Huld Christersdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Innskráningarpjónusta Stafræns Íslands – lokun „eldri“ innskráningarpjónustu

EGT fór yfir fyrirhugaða lokun á eldri innskráningarpjónustu Stafræns Íslands og rök fyrir henni

3. Umboðskerfi

HSJ kynnti stöðuna á umboðskerfi Stafræns Íslands – sjá gögn á Teams svæði fundarins. Ábendingar bárust um að bæta við ráðsmönnum og fjárhaldsmönnum við núverandi umboðskerfi.

4. Notendaráð

ÍHC velti upp hugmyndinni um að stofnað yrði notendaráð, sem hefði þann tilgang að rýna þjónustu ríkis og sveitarfélaga.

Reykjavíkurborg er nú þegar með virka samráðshópa við ólíka hagsmunaaðila og mun skoða mögulega aðkomu ríkisins að t.d. notendaráði.

5. Lífsviðburðir í hönnun stafrænnar þjónustur

HSJ fór yfir nálgun Stafræns Íslands á hönnun og nálgun á framsetningu þjónustu á Ísland.is – sjá kynningarefni á Teams svæði. Tækifæri er til að bera saman bækur við Reykjavíkurborg og Sambandið, sem hafa að vissu marki farið í sambærilega vinnu.

6. Stafræn stefna – uppfærsla

Stafræn stefna um þjónustu hins opinbera var gefin út í júlí 2021. Fjármála- og efnahagsráðuneytið velti upp nauðsyn þess að endurskoða stefnuna nú þegar ákveðin reynsla er komin af henni.

Reykjavíkurborg hyggst setja sína stafrænu stefnu og hefst sú vinna 13. mars. Reykjavík og ríki munu ráðfæra sig við hvort annað.

7. Reynsla sl. árs – er þörf á að uppfæra erindisbréf?

Umræða átti sér stað um störf nefndarinnar og hvernig hefur gengið.

AGÓ mun nefna við Jónsmessunefnd að breyta markmiðinu að mæla opinbera þjónustu í stað stafrænnar opinberar þjónustu.

8. Önnur mál

KMJ nefndi að Reykjavíkurborg hefur hafið vinnu við að kortleggja kerfi ríkis, borgar og sveitarfélaga í stóru myndinni. Reykjavík og ríki munu samræma vinnu sína.

Fundi slitið kl. 16:25